

NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA

Alþingi  
Erindi nr. P 127, 1378  
komudagur 14.3.2002

15.3.2002

Umhverfisstofa Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.**

Hér á eftir fer umsögn Náttúrustofu Vestfjarða (NV) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr 60/1992.

Markmið laganna er að styrkja náttúrustofurnar. Náttúrustofa Vestfjarða fagnar því, en telur að þau náist ekki, með þessu frumvarpi.

NV vill líka benda á að breytingar séu ekki tímabærar miðað við þá litlu reynslu sem komin er af náttúrustofum og að stofurnar séu á viðkvæmu stigi í uppbyggingunni. Það þarf að kveða fastar að orði um aukið hlutverk stofanna og tryggja þeim fjármagn til að sinna nýjum skyldum.

Náttúrustofa Vestfjarða telur að það eigi að festa hlutverk náttúrustofa við öflun grunnupplýsinga hver í sínum landshluta, t.d. náttúruverndaráætlun, líffræðilegan fjölbreytileika og undibúning vöktunar o.fl.

Það er nauðsynlegt að náttúrustofum sé tryggt fjármagn til þessara verka með samningi við ríkið. Með því móti væri markmiðum þessara laga betur náð.

Náttúrustofa Vestfjarða telur með öllu óeðlilegt að ekki er leitað á lits sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem reka stofurnar nema Sandgerðis og Grindavíkur, á þessu frumvarpi, þótt málið varði aðkomu þeirra að rekstri stofanna.

Náttúrustofa Vestfjarða  
Aðalstræti 21  
415 Bolungarvík

Sími: 4567005  
Fax: 4567351

Kennitala: 610397-2209  
Netfang: nv@isholf.is  
Heimasíða: <http://www.snerpa.is/nv>

## **Meginatriði**

### **Breytingar sem geta styrkt náttúrustofur ef fé fæst til:**

Lögfest er meiri sundurliðun á verkefnum sem tilheyra hlutverki náttúrustofa, en verkefni aukast ekki nema fjármgn sé tryggt

### **Breytingar sem munu veikja náttúrustofur:**

Sköpuð er óvissa um starfssvæði hveirrar náttúrustofu  
Stjórnarfyrríkomulagi er breytt þannig að ríkið afsalar sér beinni aðild að náttúrustofunum og þannig áhrifum á stefnumörkun og aðhaldi.

### **Mikilvæg atriði sem nauðsynleg er að laga:**

Möguleika til grunnagnaöflunar um náttúru og náttúruverndarmál landshlutans eru ekki auknir.

Ekki verður séð að tryggður sé betri rekstrargrundvöllur þar sem einungis er talað um endurskilgreiningu á framlagi ríkisins sbr. umsögn Fjármálaráðuneytis og sveitarfélög greiða 30% af því. Hingað til hafa sveitarfélögin flest að jafnaði greitt meira en þeim er skylt og hefur stofnkostnaðarframlag margra sveitarfélaga verið hærra en ríkisins.

### **Aukin hlutverk náttúrustofa.**

Eitt markmið frumvarpsins er að styrkja náttúrustofurnar með því að auka hlutverk þeirra. Náttúrustofa Vestfjarða fagnar því að taka að sér fleiri verkefni og auknar skyldur, en tryggja verður nægjanlegt fjármagn til að Náttúrustofan geti sinnt þessum skyldum.

Ef sveitarfélögin eiga að reka og bera ábyrgð á náttúrustofunum verður að tryggja þeim tekjustofna til að standa straum af þeirri grunn-upplýsingaöflun, sem nauðsynleg er til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru ætlað.

Í frumvarpinu er sagt að náttúrustofur eigi að aðstoða náttúruverndarnefndir í sveitarfélögunum. Náttúrustofan fagnar því að þetta sé skjalfest, en stofan hefur talið það hlutverk sitt að aðstoða náttúruverndarnefndir og aðra aðila sem sinna umhverfismálum í sveitarfélögum.

Hvergi í frumvarpinu er hins vegar talað um hvernig á að afla þeirrar yfirlitsþekkingar á náttúrufræði og náttúruverndarmálum svæðanna sem nauðynleg er til að sveitarfélögin geti unnið skynsamlega að náttúruvernd og öðrum umhverfismálum.

Til þess að sveitarfélögin geti unnið af skynsemi og staðið undir þeim væntingum og kröfum sem nú er verið að gera í umhverfismálum verða þau að hafa fjármagn til að leggja vinnu í gagnasöfnun.

Kröfur í umhverfismálum aukast stöðugt og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Það er algjörlega ómögulegt að sveitarfélög í fámennum landshlutum eins og Vestfjörðum geti sinnt þeim skyldum án stuðnings.

Í frumvarpinu er (4. gr.e lið) er fjallað um samstarf náttúrustofa og Náttúruverndar ríkisins. Náttúrustofurnar fagna því að taka að sér aukin verkefni með Náttúruvernd ríkisins, en vill benda á að í náttúruverndarlögunum eru viðtækari heimildir fyrir samvinnu Náttúruverndar ríkisins og náttúrustofa og æskilegt er að í þessari lagabreytinu sé viðtækt samstarf áréttað og aukið.

Auk þess sem sagt er í þessu frumvarpi, ætti því að leggja til að náttúrustofur myndu fá meira hlutverk með tilvísun í heimildir í náttúruverndarlögum nr.44/1999.

Sérstaklega má benda á að í náttúruverndarlögunum (65. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999) er sagt að Náttúruvernd ríkisins skuli í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur afla gagna fyrir náttúruverndaráætlanir. Þessi gagnaöflun er kjörið verkefni fyrir náttúrustofurnar. Með þessu móti væru náttúrustofurnar líka gerðar hæfari til að aðstoða náttúruverndarnefndir sveitarfélaganna.

Önnur verkefni eru t.d. rekstur gestastofa fyrir Náttúruvernd ríkisins sbr. 35. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

Það hlýtur að vera á ábyrgð ríkisins að tryggja að umhverfismálum sé nægilega sinnt. Með því að fá náttúrustofunum skilgreind verkefni á þessu sviði og tilheyrandi fjármagn mætti koma umhverfismálum í góðan farveg. Þetta myndi auka faglega þekkingu á landsbyggðinni, sem er í samræmi við gildandi byggðarstefnu.

### **Rekstrarform.**

Annað meginatriði frumvarpsins er að ábyrgð á rekstri náttúrustofanna er færð alfarið til sveitarfélaganna, en ríkissjóður styrki starfsemina með ákveðnu grunnframlagi.

Náttúrustofa Vestfjarða er því mótfallin að stefnt sé að þessu, eða telur þessa breytingu ekki tímabæra, þar sem of lítil reynsla sé komin á rekstur náttúrustofa.

Uppbygging Náttúrustofu Vestfjarða hefur gengið mjög vel og þjónusta við sveitarfélög í landshlutanum aukist stöðugt. Núna er til dæmis verið að undirbúa opnun starfsstöðvar í Vesturbyggð til að auka þjónustuna enn frekar.

Náttúrustofan telur að breytingar á rekstrarforminu á þessu stigi geti truflað uppbyggingu stofunnar og telur eðlilegra að beðið sé með þessa breytingu í nokkur ár.

### **Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.**

1. gr. (breytingar á 5.gr.).

Náttúrustofa Vestfjarða gerir ekki athugasemd að öðru leyti en spyrja má af hverju ekki er lagt til að náttúrustofur hafi einnig heimild til að veita viðtöku fjárframlögum, vísindastyrkjum, vísindalegum eintökum, náttúrugripum og sambærilegum gjöfum frá einstaklingum eða öðrum.

2. gr. (breytingar á 9. gr.).

Það er nauðsynlegt að skilgreina í lagatextanum þá landshluta sem stofurnar starfa í núna og uppbygging þeirra hefur verið miðuð við. Það er óviðunandi að breyta þeirri svæðaskiptingu sem unnið hefur verið eftir.

Það er vafasamt að það eigi að fjölga náttúrustofum. Ef það á að opna fleiri náttúrustofur er nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega þá landshluta sem nýjar stofur eiga að starfa í. Það má benda á að Suð-Austurland er mjög óljóst svæði.

NV vill þó benda á að til að auka þjónustu náttúrustofa á ákveðnum svæðum er auðvelt að stuðla að því að núverandi stofur opnuðu starfssöðvar þar sem ástæða þykir til, eins og verið er að gera á Vestfjörðum (ný starfsstöð í Vesturbyggð) og búið að gera á Austurlandi.

Þær starfsstöðvar væri hægt að tengja annari starfsemi t.d. rekstri gestastofu í samvinnu við Náttúruvernd ríkisins sbr. ákvæði í náttúruverndarlögum nr. 44/1999.

3. gr. (breytingar á 10 gr.).

Í greininni er gert ráð fyrir að sveitarfélög (sem gera samning um það) sjái alfarið um rekstur náttúrustofa en ríkið styrki reksturinn. Þetta er hugsanlega eðlileg breyting til lengri tíma lítið, en er algjörlega ótímabær og mun trufla uppbyggingu náttúrustofa.

Í greininni segir að framlag ríkissjóðs jafngildi launum forstöðumanns í fullu starfi og allt að jafnháu framlagi til reksturs. Hvaða laun á að miða við er ekki sagt. Sú viðmiðun sem hefur verið notuð hingað til hefur verið allt of lág. Í frumvarpinu er talað um viðbótarframlag allt að sömu fjárhæð, en það er ekki tryggt hvað verður lágmarkið og því engin breyting frá núverandi frumvarpi. Með þessu frumvarpi er sveitarfélögum gert skylt að leggja 30% mótframlag. Þetta er svipað og verið hefur.

Það verður ekki séð að ríkið tryggi aukið fjármagn til stofanna með þessu frumvarpi, en skilgreinir hámarksfjármagn sem hefur ekki verið hingað til. Aðal breytingin er að sveitarfélögum er skylt að koma með mótframlag á móti öllu framlaginu en ekki bara framlagi til stofnkostnaðar. Það er því heldur hallað á sveitarfélögin.

Í greinargerð fjármálaráðuneytisins kemur líka fram að ekki er búist við auknum kostnaði ríkissjóðs vegna frumvarpssins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gerður sé samningur milli sveitarfélaga og ríkisins um rekstur náttúrustofu og að þar sé kveðið á um starfssvæði og aðsetur viðkomandi stofu. Með þessu er verið að gefa í skin að núverandi starfssvæði verði endurskoðuð. Náttúrustofa Vestfjarða hefur verið byggð upp til að þjóna Vestfjörðum öllum og stefnt að því að stofna starfsstöðvar til að tryggja þjónustu eftir því sem stofnanir byggist upp. Það er algjörlega óviðunandi að þeim forsendum verði breytt. Með því væri verið að eyðileggja mikið starf og setja uppbyggingu stofunnar í uppnám.

Ef það þarf að gera slíkan samning en ekki setja reglugerð, er fresturinn algjörlega óviðunandi.

Greinin er í heildina séð algjörlega óviðunandi.

4. gr. (breytingar á 11. gr).

**a.**

a. Þessi gr. er að mestu samhljóða núverandi lögum og NV telur að þessi grein sé góð og tekur undir það sem þar er lagt til. (en tryggja þarf fjármagn).

b. NV tekur einnig undir þau atriði sem hér eru talin enda ekki um breytingu að ræða frá núverandi lögum, en tryggja þarf fjármagn.

c. Í frumvarpinu er sagt að náttúrustofur eigi að aðstoða náttúruverndarnefndir í sveitarfélögum. NV hefur talið það hlutverk sitt að aðstoða náttúruverndarnefndir og aðra aðila sem sinna umhverfismálum í sveitarfélögum og fagnar því að þetta er skjalfest. Það er mjög óljóst hver á að bera kostnaðinn. Ríkið tryggir ekki aukið fjármagn með lögnum, en í greinargerð er sagt að viðbótarframlag ríkissjóðs eigi að borga vinnu fyrir náttúruverndarnefndir. Þetta er óskiljanlegt.

d. NV bendir á að þetta hefur verið stór hluti af verkefnum stofunnar frá byrjun og því ekki um ný verkefni að ræða, en gott er að áréttta mikilvægi þessarar vinnu og skilgreina ákveðin verkefni, sem ríkið borgi kostnað af.

e. Í þessum lið er fjallað um samstarf náttúrustofa og Náttúruverndar ríkisins. Náttúrustofan fagnar því að taka að sér aukin verkefni með Náttúruvernd ríkisins, en vill benda á að í náttúruverndarlögum eru viðtækari heimildir fyrir samvinnu Náttúruverndar ríkisins og náttúrustofa. Æskilegt væri að í þessari lagabreytinu væri komið til móts við þær allar. Þ.e. að annast söfnun upplýsinga, t.d. fyrir náttúruverndaráætlun sbr. 65. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999, og sinna öðrum verkefnum fyrir Náttúruvernd ríkisins eins og t.d. rekstur gestastofa sbr. 35. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta sem náttúrustofan starfar.

**b.**

NV telur sjálfsagt að skila árskýrslu og ársreikningi til ráðherra.

5. gr. (breytingar á 12 gr.).

NV telur að ef umhverfiráðherra hættir að skipa formann, sé þetta eðlileg leið til að skipa stjórn, en vill aftur benda á að ekki sé tímabært að ríkið hætti þátttöku í stjórn. Það mun skaða uppbyggingu stofanna að ráðherra skipi ekki formann.

6. gr (breytingar á 13 gr.).

NV er ekki með athugasemdir.

7 gr. (breytingar á 16. gr.)

Greinin er bein afleiðing 5. gr. og Náttúrustofa Vestrfjarða vill aftur benda á að breytingin mun trufla uppbyggingu stofanna og því ekki tímabær.

**Um greinargerð fjármálaráðuneytis.**

Í greinargerð fjármálaráðuneytisins er tekið fram að ekki sé gert ráð fyrir auknum kostnaði ríkissjóðs vegna þessa frumvarps. Þetta er ekki hægt að skilja öðruvísi en að ekki eigi að hækka framlög og jafnvel lækka framlög til hvorrar stofu sé þeim fjölgað.

Náttúrustofa Vestfjarða telur eðlilegt að miðað sé við allan kostnað við forstöðumann stofunnar, þar með talin laun afleysingamanns í sumarfríum og yfirvinnu sem forstöðumaður verður að sinna vegna t.d. samskipta við ríkið.

Viðmiðunartala yrði núna sennilega nálægt 5 miljónum sem gerir að framlag rikissjóðs ætti að vera 9-10 miljónir og framlag sveitarfélaga rúmlega 3 miljónir.


Í 3. gr. fylgiskjalsins er sagt að ekki sé gert ráð fyrir að ríkið beri annan kostnað af rekstri náttúrustofa, en nemur grunnframlaginu. Þar þyrfti að koma fram að þar sé ekki átt við greiðslur vegna sérstakra verkefna sem náttúrustofurnar eru beðnar að vinna.

Í frumvarpinu þyrftu að vera ákvæði sem gerðu ríkinu auðveldara að styrkja rannsóknir náttúrustofanna og önnur mikilvæg verkefni og þannig stuðla að uppbyggingu rannsóknarstarfsemi í landsbyggðinni í samræmi við gildandi byggðasjónarmið.

Virðingarfyllst,



Sveinn Bernóðsson  
formaður stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða



Dr. Þorleifur Eiríksson  
forstöðumaður